

Reginn hf.

Leiðbeiningar um rafræna þátttöku á aðalfundi Regins 12. mars 2024

1. Skráning á fund og aðgangsupplýsingar

Til að nálgast aðgangsupplýsingar eru hluthafar eða umboðsmenn hluthafa, sem hafa hug á því að sækja aðalfund Regins hf. (hér eftir „Reginn“), hvort sem er rafrænt eða á fundarstað, beðnir um að skrá sig á skráningarsíðu fundarins <https://www.lumiconnect.com/meeting/reginn2024agm> eigi síðar en klukkan 16:00 þann 8. mars 2024 eða fjórum dögum fyrir fundardag. Hluthafar eru hvattir til að skrá sig eins snemma og hægt er svo nægur tími gefist til að fá aðgangsupplýsingar og hægt sé að aðstoða hluthafa ef upp koma tæknileg vandamál.

Við innskráningu verða hluthafar að veita nauðsynlegar upplýsingar og hlaða upp mynd af gildu skilríki og gildu umboði, ef við á. Hluthafar skulu gæta að því að veita rétt netfang og símanúmer með viðeigandi landsnúmeri, sem byrjar á + (í tilfelli Íslands 354), við skráningu til að geta móttengið aðgangsupplýsingar.

Á heimasíðu félagsins <https://www.reginn.is/fjarfestavefur/hluthafafundir/2024/> má finna sniðmát af umboði sem hluthöfum er bent á að nýta sér.

Hluthafar munu fá staðfestingu í tölvupósti til að staðfesta að umsókn um skráningu á aðalfund hafi verið móttækin og að umsóknin bíði staðfestingar. Haft verður samband við hluthafa ef einhver vandkvæði koma upp varðandi þær upplýsingar sem gefnar voru upp við skráningu. Á fundardegi munu hluthafar fá sendan tölvupóst með staðfestingu á skráningu á það netfang sem var gefið upp við skráningu, með þeirra persónulega notendanafni og hlekk á rafræna aðalfundinn. Hluthafar munu fá lykilorð sent með smáskilaboði í það símanúmer sem gefið var upp við skráningu.

Aðgangsauðkenni fyrir hluthafa vegna aðgangs að aðalfundi Regins og til að greiða atkvæði í gegnum Lumi AGM eru á ábyrgð móttakanda eftir að hann hefur móttengið þau. Móttakandi skal varðveita auðkennið tryggilega og gæta þess að aðrir hafi ekki aðgang að auðkenninu. Móttakandi ber ábyrgð á því að notast við örugga nettengingu þegar hann tekur þátt í fundinum og getur Reginn ekki borið ábyrgð á því ef lélegt netsamband truflar þátttöku hluthafa í fundinum.

2. Rafræn atkvæðagreiðsla á aðalfundi með Lumi AGM

Til að taka þátt á fundinum skal hluthafi smella á hlekkinn á fundinn sem barst með tölvupósti og fylla út viðeigandi reiti með sínu notendanafni (e. Username) og lykilorði (e. password) sem barst í smáskilaboði.

Hægt verður að greiða atkvæði í tölvu, spjaldtölvu eða snjallsíma og gæta skal að því að nýjasta útgáfa af vafra sé uppsett (Chrome, Safari, Edge eða Firefox).

Í Lumi AGM veflausninni geta hluthafar fylgst með aðalfundinum, kosið um þær tillögur sem lagðar hafa verið fram og komið spurningum á framfæri. Atkvæðagreiðsla mun alfarið fara fram rafrænt í gegnum Lumi AGM veflausnina án tillits til þess hvort hluthafar mæta á fundarstað eða taka þátt rafrænt.

Á fundinum geta hluthafar greitt atkvæði um tillögur með því að velja annað hvort MEÐ (e.

FOR), Á MÓTI (e. AGAINST) eða SIT HJÁ (e. ABSTAIN).

Listi með öllum tillögum fundarins og kosningavalmöguleikum má finna með því að smella á



Fundarstjóri mun tilkynna þegar atkvæðagreiðsla um nánar tiltekna tillögur opnar og lokar. Þegar tillaga er opin fyrir atkvæðagreiðslu munu birtast valmöguleikar. Til þess að greiða atkvæði skal ýta á þann valmöguleika sem hluthafi óskar sér og verður valið merkt með lit. Hægt er að breyta um valmöguleika á meðan atkvæðagreiðsla er opin en eftir að fundarstjóri hefur lokað þeim lið atkvæðagreiðslunnar verður ekki lengur hægt að breyta um val. Fundarstjóri getur tilkynnt að atkvæðagreiðsla fyrir fleiri en einn lið opni og loki hverju sinni.

Undir dagskrárliðnum kosning félagsstjórnar á aðalfundi skal hluthafi velja nöfn þeirra frambjóðenda til stjórnar Regins sem hann vill greiða atkvæði sitt. Ef nöfn frambjóðenda til stjórnar Regins eru jafnmörg fjölda þeirra stjórnarmanna sem kjósa skal, er sjálfkjörið í stjórn Regins og fer atkvæðagreiðsla þá ekki fram.

Reginn áskilur sér allan rétt til að óska staðfestingar á öllum atkvæðum sem greidd eru með rafrænum hætti, þar á meðal en ekki takmarkað við, að óska staðfestingar frá viðkomandi hluthafa, með þeim hætti sem Reginn telur viðunandi á hverjum tíma. Vakni efasemdir um lögmæti atkvæðis sem greitt hefur verið með rafrænum hætti er heimilt að setja það til hliðar þar til fullvissa er fengin um lögmæti þess. Fáist ekki fullvissa um lögmæti atkvæðis er fundarstjóri heimilt að úrskurða það ógilt.

Lumi hefur útbúið [leiðbeiningarmyndband](#) á ensku sem útskýrir vel hvernig atkvæðagreiðsla fer fram í kerfinu, hvernig hluthafar geta sent inn spurningar og nálgast tillögur fundarins sem og önnur gögn sem lögð hafa verið fyrir fundinn.